

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Sveitarfélaginu Hornafirði.

1. gr.

Af hundum í Sveitarfélaginu Hornafirði skal innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd samþykktar nr. 933/2015 um hundahald í sex sveitarfélögum á starfssvæði heilbrigðisnefndar Austurlandssvæðis.

2. gr.

Af hundum skal innheimta gjald sem hér segir:

Skráningargjald 18.000 kr.

Skráningargjald eftir úrunnin frest er 20.000 kr. samkvæmt 4. gr. samþykktarinnar

3. gr.

Árlegt leyfisgjald er kr. 14.000.

Innifalið í leyfisgjaldi er heilbrigðissskoðun dýralæknis, ormahreinsun og trygging auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

4. gr.

Handsömunargjald hunda skal vera skv. 12. gr. samþykktar nr. 933/2015. Við afhendingu handsamaðs hunds skal greiða kr. 16.000. Þurfi að vista hund yfir nótt skal greiða vörslugjald að fjárhæð kr. 6.500 fyrir hvern dag umfram fyrsta sólarhring.

Ef til aflífunar hunds kemur, greiðir skráður eigandi dýrs allan útlagðan aflífunarkostnað.

5. gr.

Gjalddagi skv. 3. gr. er 1. ágúst og eindagi er 1. september ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Við afskráningu hunds skal endurgreiða árlegt leyfisgjald í hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru á árinu.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með vísun til heimilda í samþykkt um hundahald í sex sveitarfélögum á starfssvæði heilbrigðisnefndar Austurlandssvæðis nr. 933/2015 og laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

Gjaldskráin tekur þegar gildi. Jafnframt fellur eldri gjaldskrá vegna hunda- og kattahalds úr gildi.

Sveitarfélaginu Hornafirði, 16. júní 2017.

Björn Ingi Jónsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 25. júlí 2017